Peningastefnunefnd ákvað á síðasta fundi sínum að lækka vexti um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans eru því nú 9%. Sem fyrr ræddi nefndin framvindu efnahagsmála, verðbólguhorfur og mat á nauðsynlegu taumhaldi peningastefnunnar. Í yfirlýsingum nefndarinnar frá maí og ágúst sl. kom fram að aðhaldið væri talið hæfilegt til að ná verðbólgu í markmið innan ásettanlegs tíma. Nefndin mat það svo að taumhaldið hefði aukist frá þeim fundum og miðað við horfur væri líklegt að það myndi halda áfram að vaxa. Mat á nauðsynlegu taumhaldi hafði ekki breyst og því var ákveðið að lækka nafnstýrivexti svo það myndi ekki aukast um of á milli funda. Ákvörðunin um nafnvaxtalækkun snérist því um að viðhalda raunstýrivaxtastigi. Að gefnum fyrri yfirlýsingum nefndarinnar hefði þessi aðlögun á nafnstýrivöxtum því ekki átt að koma á óvart.


Raunstýrivextir

Taumhald peningastefnunnar vísar til raunvaxtastigs Seðlabankans. Í fundargerðum nefndarinnar má finna mat á raunstýrivöxtum, sett fram sem meðaltal sex mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs. Í meðaltalsmælikvarðanum eru raunvextir miðaðir við: verðbólguvæntingar fyrirtækja, heimila, markaðsaðila og verðbólguálag á fjármálamarkaði, allt til eins árs, ásamt ársverðbólgu og spá Seðlabankans um verðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga.

Meðaltalsmælikvarðinn dregur úr sveiflum sem geta einkennt einstaka undirliði og gefur vísbendingu um þróun taumhaldsins. Hann er því gagnlegur til að bera saman raunstýrivexti á mismunandi tímamörkum. Hins vegar hefur meðaltalsmælikvarðinn einnig sína annmarka. Uppfærðar mælingar á raunvöxtum byggðum á könnunum og á verðbólguþrýstingi Seðlabankans eru ekki birtar fyrir hvern fund. Einnig geta nefndarmenn haft skoðanir á einstaka mælikvörðum meðaltalsins og gefið þeim mismikið vægi. Þeir geta því haft sína eigin skoðun á undirliggjandi raunvöxtum.

Raunvextir Seðlabankans í kjölfar vaxtaákvörðana peningastefnunefndar¹

22. maí 2014 - 27. september 2024



1. Raunvextir miðað við meginvexti Seðlabankans sem eru vextir 7 daga bundinna innlána.
Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands

átti sinn þátt í verðbólguþölu júlímánaðar og gæti því einnig hafa haft áhrif á væntingar-myndun heimilanna.

Verðbólga minnkaði í september og mældist 5,4%. Samkvæmt skammtíma-verðbólguþá má búast við áframhaldandi hjöðnun fram að næstu væntingarkönnun.³ Að því gefnu að verðbólguvæntingar heimilanna þróist í takt við mældu verðbólgu, má því einnig gera ráð fyrir að þær muni hjaðna. Þekkt er að verðbólguvæntingar heimila eru jafnan hærri en væntingar á aðra mælikvarða. Þó má gera ráð fyrir að síðasta gildi upp á 7% sé frávik. Því gaf ég þessum mælikvarða minna vægi við mitt mat á undirliggjandi raunstyrivöxtum. Ef væntingar þeirra haldast hins vegar á þessu stigi þarf að endurskoða það mat.

Verðbólguálag á fjármálamarkaði


Á hinum endanum voru raunvextir miðað við verðbólguálag á fjármálamarkaði til eins árs. Þeir mældust 6,5% við upphaf fundar peningastefnunefndar og höfðu aukist um 1,1 prósentu frá ágústákvörðuninni. Eins og nýleg rannsóknarritgerð Seðlabankans⁴ útlistar, þarf að fara varlega í túlkun verðbólguvæntinga út frá verðbólguálaginu þar sem það inniheldur einnig áhættuþóknunar fjárfesta vegna verðbólgu- og seljanleikaá-hættu.

Þó má gera ráð fyrir að alla vega hluti aukningar raunvaxta á þennan mælikvarða sé vegna hjöðunar verðbólguvæntinga. Mæld verðbólga minnkaði nokkuð á milli ágúst og októberfunda nefndarinnar. Fjármálamarkaðir eru einnig framsýnni heldur en heimilin. Greiningaraðilar búast við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu auk þess sem fjármálamarkaðir virðast gera ráð fyrir að vænt afnám eldsneytisgjalds muni leiða til lækkunar vísitölu neysluverðs.

Raunvextir miðað við ársverðbólgu

Raunvextir miðað við ársverðbólgu jukust úr 2,8% upp í 3,7% á milli ágúst og október

Mynd 2 Áhrif einskiptisliða



funda peningastefnunefndar. Hluti af hjöðnun mælðrar verðbólgu var vegna niðurfellingu háskólagjalda og afnáms gjalda fyrir skólamáltíðir. Þetta eru einskiptisliðir tilkominir vegna ákvörðana stjórnvalda. Þeir leiða þó einungis til lægra verðbólguþá í eitt ár eins og dæmið hér fyrir neðan sýnir. Því þarf að fara varlega í að meta undirliggjandi raunvexti miðað við ársverðbólgu þegar hluti hjöðunarinnar er aðeins tímabundinn.

Áhrif einskiptisliða á verðbólgu

Gerum ráð fyrir að við séum í hagkerfi þar sem mánaðarhækkun vísitölu neysluverðs (VNV) er 0,206% sem samsvarar 2,5% árs-verðbólguþámiðinu. Mánuðinn sem skólamáltíðir eru gerðar gjaldfrjálsar lækkar VNV um 0,26% sem þýðir að ársverðbólga hjaðnar niður í 2%. Eftir það heldur mánaðartaktur VNV áfram með 0,206% hækkun. Bláa línan á mynd 2 sýnir þessa þróun VNV.

Verðbólga mælir 12 mánaða breytingu VNV. Í 12 mánuði er því verið að bera saman VNV þar sem skólamáltíðir eru gjaldfrjálsar við VNV þegar heimilin þurftu að borga fyrir þær. Þessi samanburður leiðir því til hjöðunar verðbólgu niður í 2% í 12 mánuði. Eftir að þessi grunnáhrif hverfa þá færast verð-

bólga aftur upp í 2,5%. Appelsínugula línan á mynd 2 sýnir þessa þróun verðbólgu.

Til að einskiptisliðir leiði ekki bara tímabundið til minni verðbólgu þarf afnám gjaldanna að leiða til hjöðunar undirliggjandi verðbólgu og því hafa áhrif á áframhaldandi mánaðartaktur VNV. Tilfærslur vegna háskólagjalda og skólamáltíða eru hins vegar frekar til þess fallnar að ýta undir verðbólguþrósting. Aftur á móti getur lækkun verðbólguvæntinga tilkomin vegna einskiptisliðanna leitt til minni undirliggjandi þróstings.

Lokaorð

Að öllu saman vegna mat ég það svo að undirliggjandi raunstyrivextir hefðu aukist á milli funda nefndarinnar. Hækkun verðtryggðra útlánavaxta bankanna auk almennt hærri raunvaxta á markaði gefur til kynna aukna leiðni peningastefnunnar og styður við það að taumhaldið hafi aukist. Þar sem verðbólga hefur verið þrálát og enn er kraftur til staðar í hagkerfinu eins og fram kom í seinustu fundargerð peningastefnunefndar, þá er hins vegar mikilvægt að taka varfærin skref. Peningastefnunefnd mun sem fyrr meta þróun, horfur og nauðsynlegt taumhald peningastefnunnar á næsta fundi sínum. ☞

Fyrirvari:

Höfundur er ytri nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands. Þær skoðanir og ályktanir sem koma fram í þessari grein þurfa ekki að endurspegla viðhorf annarra nefndarmanna.

Tilvísanir

1. Raunvextir m.v. verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs og verðbólguþá Seðlabankans voru ekki uppfærðar fyrir fundinn í lok september/byrjun október.
2. Sjá t.a.m. Weber, M., D'Acunto, F., Gorodnichenko, Y., og Coibion, O., (2022) "The Subjective Inflation Expectations of Households and Firms: Measurement, Determinants, and Implications," Journal of Economic Perspectives, 36 (3), 157-184. fyrir almenna yfirlit á rannsóknum um verðbólguvæntingar heimilanna
3. Þessi grein var skrifuð áður en verðbólguþá októbermánaðar var birt.
4. Þórarinn G. Pétursson (2024), "Extracting inflation expectations and risk premia from the breakeven inflation rate in Iceland," Central Bank of Iceland Working Paper 97.

Rammi peningastefnunnar, horfur í efnahagsmálum og
nóvemberákvörðunin



Kynning fyrir MBA-nemendur
Háskóli Íslands 23. nóvember 2024

Rannveig Sigurðurðardóttir
Varaseðlabankastjóri peningastefnu



Peningastefnunefnd

Verðbólgu­markmið tekið upp í mars 2001



Yfirlýsingin um verðbólgu­markmiðið - samkomulag milli Seðlabankans og ríkisstjórnar

Seðlabankanum gefið fullt sjálfstæði til að beita þeim tækjum sem hann hefur yfir að ráða til að ná verðbólgu­markmiðinu

Verðbólgu­markmiðið skilgreint sem hækkun á vísitölu neysluverðs á 12 mánuðum, verði að jafnaði sem næst 2½%

Víki verðbólga meira en 1½ prósentu í hvora átt ber bankanum að gera ríkisstjórninni opinberlega grein fyrir ástæðum þess, leiðum til úrbóta og hve langan tíma það taki að ná verðbólgu­markmiðinu

Peningastefnunefnd



Peningastefnunefnd

- Fimm nefndarmenn - þar af tveir utanaðkomandi
- Sjálfstæð ákvörðunartaka
- Meirihluti ræður

Ábyrgð - gagnsæi

- Yfirlýsingar
- Fundargerðir
- Skýrslur til Alþingis
- Fundir með Alþingi

Stjórnæki peningastefnunefndar

- Ákvarðanir um vexti
- Viðskipti við lánastofnanir
- Bindiskylda
- Viðskipti á gjaldeyrismarkaði
- Viðskipti með verðbréf til að ná markmiðum bankans um stöðugt verðlag

Ákvarðanir peningastefnunefndar byggja á

- Verðbólgu­markmiðinu
- Vönduðu mati á ástandi og horfum í efnahagsmálum

Vaxtaákvörðun

I. Undirbúningur

- Stöðumatsfundir hagfræðisviðs sem nefndarmenn geta setið
- Vikuna fyrir ákvörðun fá nefndarmenn mikið magn af samantektum og minnisblöðum með umfjöllun um ákveðin efni og samantekt á nýjustu hagtölum

III. Umræður og ákvörðun

- Mat einstakra nefndarmanna
- Atkvæðagreiðsla og niðurstaða
- Yfirlýsing samin
- Umræður um meginskilaboð og áherslur

II. Fundir PSN

- Umfjöllun um stöðu og horfur
- Kynning á PM, umfjöllun um meginspá og helstu áhættuþætti
- Kynning á rammagreinum PM
- Kynningar á stöðunni í fjármálakerfinu og á fjármálamörkuðum
- Peningastefnan erlendis
- Aðhaldsstig innlendrar peningastefnu
- Mat á vöxtum út frá fjölda peningastefnureglna
- Mat á jafnvægisvöxtum og -gengi
- Vaxtaferlar spálíkana
- Sviðsmyndir með ólíkum vaxtaferlum
- Mögulegar sérkynningar

IV. Ákvörðunardagur og dagarnir á eftir

- Ákvörðun tilkynnt
- Fréttamannafundur:
 - Kynning og mat á stöðu og horfum í efnahagsmálum
 - Spurningar og svör
 - Viðtöl að fundi loknum
- Kynningar í fjármálafyrirtækjum (og öðrum) á ákvörðun og mati á stöðu og horfum
- Áframhaldandi viðtöl, blaðagreinar, tíst og Kalkofninn

Úr yfirlýsingu PSN 20. nóvember 2024

Ákvörðun

- Peningastefnufnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 8,5%.

Staðan

- Verðbólga hefur hjaðnað undanfarið og mældist 5,1% í október. Hjöðnun verðbólgu er á breiðum grunni og undirliggjandi verðbólga hefur einnig minnkað. Þá hafa verðbólguvæntingar almennt lækkað og raunvextir því hækkað.
- Áhrifa þétts peningalegs taumhalds gætir áfram í efnahagsumsvifum og hægt hefur á vexti innlendrar eftirspurnar. Atvinnuleysi heldur áfram að þokast upp og horfur eru á að það dragi úr spennu í þjóðarþúinu þótt það gerist hægar en áður var talið.

Horfur og framsýn leiðsögn

- Þrálát verðbólga og verðbólguvæntingar yfir markmiði kalla þó á varkárni. Áfram þarf því að viðhalda hæfilegu aðhaldsstigi til þess að koma verðbólgu í markmið innan ásættanlegs tíma.

Framsýn leiðsögn


- Mótun peningastefnunnar næstu misseri mun sem fyrr ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga.



Efnahagsumsvif


Þjóðarþúskapurinn að ná jafnvægi án harðrar lendingar?

Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2027¹






Verðbólguþspá og óvissumat

1. ársfj. 2018 - 4. ársfj. 2027



Verulega hefur hægt á hagvexti hér á landi





- Hratt dró úr hagvexti er leið á 2023: var 8% á H1/23 en 1,5% á F4 ... og á F1 í ár mældist 3,5% ársamdráttur vegna loðnubrests
- Umsvif tóku hins vegar við sér á ný á F2 þegar VLF jókst um 1,7% milli fjórðunga – en VLF var þó enn 0,3% minni en á F2/2023
- Innlend eftirspurn á H1 í takt við ágústsþá en samdráttur VLF meiri ... áþekk þróun þegar litið er til endurskoðunar á hagvexti 2023



1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. 2. Árstíðarleiðréttaðar tölur. 3. Samanburðurinn fyrir árið 2023 er við bráðabirgðatölur Hagstofunnar sem lágu til grundvallar við spágerðina í PM 2024/3. Frávikid fyrir fyrri hluta árs 2024 endurspeglar einnig endurskoðun Hagstofunnar á tölum fyrir fyrsta fjórðung ársins. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Horfur á meiri einkaneyslu en minni fjárfestingu


- Hægt hefur verulega á vexti einkaneyslu ... en endurskoðun á tölum um ráðstöfunartekjur bendir til sterkari stöðu heimila og meiri uppsafnaðs sparnaðar ... því er spá um einkaneyslu færð upp
- Vísbendingar um að hægt hafi aftur á fjárfestingu og spáð hægari vexti ... minni fjárfestingarþörf í ljósi endurskoðunar eldri talna



1. Ráðstöfunartekjur á fæstu verðlagi miðað við verðbreytingu einkaneyslu. 2. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá frá PM 2024/3. 3. Almenn atvinnuvegafjárfesting er atvinnuvegafjárfesting án fjárfestingar í orkufrækum iðnaði og í skipum og flugvélum. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og fjármunamyndunar atvinnuvega vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. 4. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og heildarfjármunamyndunar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá frá PM 2024/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Störfum fækkar og atvinnuleysi þokast áfram upp


- Hægt hefur á ársfjölgun starfa og atvinnuleysi var 3,6% í október og hefur aukist um 0,4 pr. frá maí í fyrra þegar það var minnst
- Hlutföll fyrirtækja sem segjast skorta starfsfólk og starfa við full afköst lækka og fleiri fyrirtæki vilja fækka starfsfólk en fjölga
- Talið að atvinnuleysi haldi áfram að aukast en þó minna en spáð var í ágúst enda meiri spennan í þjóðarþúinu en þá var talið



1. Fjöldi launafólks á aldrinum 16-74 ára samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. 3 mánaða breyting á ársgrunni byggist á árstíðarleiðréttum tölum. Söguleg meðalársfjölgun nær til árunna 2006-2023 og er 1,7%. 2. Tölur fyrir skráð atvinnuleysi og fjölda á atvinnuleysisráði eru árstíðarleiðréttar af Seðlabankanum. Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) sýnir 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttar talna. 3. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðslubátta byggjast á viðhorfskönnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Brotalínur sýna meðaltöl frá 2006. 4. Atvinnuleysi miðað við vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Horfur á minni hagvexti í ár en spáð var í ágúst

- Áætlað er að VLF hafi aukist um 2,5% milli ára á F3 og að hagvöxtur á H2 verði 1,8% eins og spáð var í PM 24/3 ...
- ... en lakari þróun á H1 veldur því að hagvöxtur á árinu öllu er færður niður – endurspeglar fyrst og fremst lakari utanríkisviðskipti
- Eins og í ágúst er gert ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný á næsta ári – drifinn áfram af vexti innlendrar eftirspurnar






1. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá PM 2024/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Verðbólga

Verðbólga heldur áfram að hjaðna


- Verðbólga var 5,1% í október – minnkar um 0,3 pr. milli mánaða og 2,8 pr. milli ára og ekki verið minni síðan í desember 2021
- Verðbólga án húsnæðis hefur minnkað enn meira: 2,8% í október og er 4,5 pr. minni en í október í fyrra
- Undirliggjandi verðbólga mælist 4,7% og skýrir meginhluta mældrar verðbólgu – minnkar um 0,2 pr. milli mán. og 1,7 pr. milli ára



1. Undirliggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu 3 (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvörulíða, opinberra þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfræðilegum mælikvörðum (veglið miðgildi, klípt meðaltal, kvíkt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Frá og með júní 2024 er kjarnavísitala 2 notuð þar sem kjarnavísitala 3 er ekki lengur birt. 2. Liðurinn „Annað“ er mismunur mældrar og undirliggjandi verðbólgu.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hjöðnun verðbólgu á breiðum grunni

- Hægt hefur enn frekar á árstakti verðhækkana innlendrar og innfluttrar vöru og þjónustuverðbólga gefur eftir
- Aukning húsnæðisverðbólgu hefur einnig stöðvast þótt húsnæðisliður vegi áfram þungt í mældri verðbólgu
- Áfram dregur einnig úr umfangi verðhækkana og hlutfall undirliða sem hækka minna en 5% milli ára fer hækkandi




1. Þjónusta er vegið meðaltal af undirliðunum almennri og opinberri þjónustu. 2. Innfluttar vörur án áfengis, tóbaks og bensíns. Innlandar vörur án búvöru og grænmetis. 3. Vegið og óvegið hlutfall af neyslukörfu VNV sem hækkar minna en 5% milli ára.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Áfram dregur úr alþjóðlegri verðbólgu

- Verð á olíu og annarri hrávöru hefur lækkað frá því í vor og flutningskostnaður lækkar á ný eftir hækkun framan af árinu
- Alþjóðleg verðbólga heldur áfram að hjaðna og var komin í 2,1% að meðaltali í október ... þar sem framlag lækkunar orkuverðs vegur þungt (en síður hér á landi) ... og því hjaðnar undirliggjandi verðbólga hægar






1. Brent verð á hráolíu. Verðvisitala gámaflutnings er Freightos Global Container Index. Meðaltal mánaða. Gögn til og með 15. nóvember 2024. 2. Undirliggjandi verðbólga mæld sem verðbólga án orkuverðs og matvæla-verðs, nema í Noregi (án orkuverðs og skattabreytinga) og Svíþjóð (án orkuverðs en miðað við fasta vexti). Áætlun Seðlabankans fyrir október 2024. 3. Framlag rafmagns, gass og annarra orkugjafa í húsnæðislið vísitölu neysluverðs til ársverðbólgu.

Viðskiptavegið meðaltal helstu viðskiptalanda. Hin Norðurlöndin eru einfalt meðaltal Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Heimildir: Alþjóðabankinn, OECD, LSEG Datastream, Seðlabanki Íslands.

Gengi ISK hækkar aftur eftir lækkun í ágúst




- Gengi ISK hefur hækkað undanfarið eftir lækkun í ágúst: er nú 3,7% hærri en í ágúst og 4,7% hærri en fyrir ári
- Líklegt er að lækkun ISK á F3 hafi valdið því að innflutningsverðbólga jókst á ný á F3 en hún ætti að hjaðna aftur á F4
- Horfur á svipuðu gengi ISK í ár og spáð var í PM 24/3 en að það verði ríflega 2% hærri en þá var spáð í lok spátímans



1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þróng viðskiptavog). 2. Grunnspá Seðlabankans fyrir 3. og 4. ársfj. 2024. 3. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Þróng viðskiptavog. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá PM 2024/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, LSEG Datastream, Seðlabanki Íslands.

Hægir á hækkun húsnæðisverðs og væntingar lækka



- Hægir á hækkun nafnlauna en áfram mikil hækkun launakostnaðar á framleidda einingu þar sem framleiðni gefur eftir
- Hægir einnig á árshækkun húsnæðisverðs á landinu öllu ... var 9,5% í september og hefur minnkað 2 mánuði í röð
- Verðbólguvæntingar markaðsaðila lækka um 0,5-0,8 pr. milli kannana og hafa ekki verið lægri síðan í byrjun árs 2022



1. Launakostnaður á unna stund skv. birtingu Hagstofunnar á vísitölu launakostnaðar en framleiðni vinnuafis er VLF á heildarvinnustundir skv. vinnumagni þjóðhagsreikninga. Launakostnaður á framleidda einingu er fenginn sem hlutfall þessara mælikvarða. Framleiðniaukning kemur fram sem neikvætt framlag til hækkunar á launakostnaði á framleidda einingu. Atvinnugreinaflokkun er ekki að fullu samrýmd þar sem launakostnaður á unna stund nær yfir atvinnugreinar B-5 skv. ISAT08 atvinnugreinaflokkuninni en framleiðni vinnuafis nær yfir allar atvinnugreinar. 2. Vísitala íbúðaverðs gæðaleiðrétt m.v. fasteignamat og byggist á kaupsamningum sl. mánaðar. 3. Miðgildi svara í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Ársfjórðungsleg meðaltöl verðbólguálags. Gögn til og með 15. nóvember 2024. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Horfur á hraðari hjöðnun verðbólgu en í fyrri spá

- Verðbólga var 5,9% á F3 ... 0,4 pr. minni en spáð var í PM 24/3 – skýrist aðallega af meiri áhrifum einskiptisaðgerða stjórnvalda
- Undirliggjandi verðbólguþrýstingur einnig ofmetinn og nærhorfur batna því: spáð að verðbólga verði um 1 pr. minni en í PM 24/3 fram á mitt næsta ár en hægari hjöðnun spennu gerir það að verkum að horfur á seinni hluta spátímans breytast lítið



Ársmeðaltöl	4. ársf.	
2024	5,9%	4,8%
2025	3,4%	3,2%
2026	2,7%	2,5%
2027	2,5%	2,6%

1. Samanburður á grunnspá og spám heildarjafnvægislikans bankans (DYNIMO) og meðaltals 5 tölfraðilega metinna verðbólguþáttanna sem bankinn notar við að gera skammtíma verðbólguþátt.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Takk fyrir

Nóvemberákvörðun peningastefnunefndar, nýjustu hagtölur og horfur í efnahagsmálum




Fræðslufundur BHM
5. desember 2024

Rannveig Sigurðardóttir
Varaseðlabankastjóri peningastefnu

Næst jafnvægi í þjóðarþúinu án harðrar lendingar?




Hagvöxtur og framlag undirliða 2018-2027¹



Verðbólguþspá og óvissumat

1. ársfj. 2018 - 4. ársfj. 2027






Efnahagsumsvif

Hagvöxtur gaf aftur eftir á þriðja fjórðungi ársins

- Hratt dró úr hagvexti er leið á 2023: var 8% á H1/23 en var kominn niður í 1,5% á F4 ... og á H1 í ár mældist 2,8% árssamdráttur
- Umsvif tóku hins vegar við sér á ný á H2 og mældist 0,2% hagvöxtur ...
- ... en umsvif gáfu aftur eftir á H3 þegar VLF dróst saman um 0,5% milli ára og 1,1% samdráttur mældist milli fjórðunga


Hagvöxtur og framlag undirliða¹

1. ársfj. 2022 - 3. ársfj. 2024



Ársfjórðungsleg breyting VLF²



1. ársfj. 2021 - 2. ársfj. 2024



1. Frávik geta verið á milli samtölu framlags undirliða og hagvaxtar vegna keðjutengingar þjóðhagsreikninga. 2. Árstíðarleiddréttar tölur.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Innlend eftirspurn í takt við nóvemberspá en hagvöxtur minni


- Einkaneysla jókst lítillega minna á F3 en spáð var í PM 24/4 en fjárfesting var heldur sterkari ... Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga jukust umfram spá en óhagstæðari þróun birgða og útflutnings gera það að verkum að hagvöxtur mældist minni en spáð var
- VLF dróst saman um 1% á fyrstu þremur fjórðungum ársins en í PM 24/4 var spáð 0,3% samdrætti



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Spenna minnkar einnig á vinnumarkaði


- Hægt hefur á ársfölgun starfa og atvinnuleysi var 3,6% í október og hefur aukist um 0,4 pr. frá maí í fyrra þegar það var minnst
- Hlutföll fyrirtækja sem segjast skorta starfsfólk og starfa við full afköst lækka ...
- ... og í fyrsta sinn í næstum 4 ár vilja fleiri fyrirtæki fækka starfsfólk en fjölga því og lausum störfum heldur áfram að fækka



1. Fjöldi launafólks á aldrinum 16-74 ára samkvæmt tölum úr staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. 3 mánaða breyting á ársgrunni byggist á árstíðarleiðréttum tölum. Söguleg meðalársfölgun nær til árána 2006-2023 og er 1,7%. 2. Tölur fyrir skráð atvinnuleysi og fjölda á atvinnuleysisrátt af Seðlabankanum. Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðsskónnun Hagstofunnar (VMK) sýnir 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal árstíðarleiðréttar talna. 3. Mælikvarðar fyrir nýtingu framleiðslubátta byggjast á viðhorfsskónnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins. Brotalínur sýna meðaltöl frá 2006. 4. Laus störf skv. fyrirtækjakönnun Hagstofu Íslands og fjöldi atvinnulausra samkvæmt vinnumarkaðsskónnun sömu stofnunar.
Heimildir: Gallup, Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands.

Hægir á vexti einkaneyslu en horfur á meiri vexti


- Endurskoðaðar tölur um ráðstöfunartekjur heimila benda til mun meiri tekjuvaxtar heimila en áður var talið ...
- ... sparnaður heimilar hefur því aukist á ný og er meiri en áður var talið og við bætist áframhaldandi aukning hreins auðs þeirra
- Spá um vöxt einkaneyslu hefur því verið endurskoðuð upp á við



1. Ráðstöfunartekjur á föstu verðlagi miðað við verðvísitölu einkaneyslu. 2. Við útreikning á hlutfalli sparnaðar er miðað við áætlun Seðlabankans um ráðstöfunartekjur. Grunnspá Seðlabankans fyrir árið 2024. 3. Hreinn auður heimila samanstendur af hreinum fjármálagæm eignum og húsnæðisauð heimila. Myndin sýnir ársmeðaltöl og spá Seðlabankans fyrir árið 2024. 4. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá frá PM 2024/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Horfur á minni hagvexti í ár en spáð var í ágúst

- Í spá PM 24/4 var gert ráð fyrir 1,8% hagvexti á H2 og 0% hagvexti á árinu öllu ... heldur lakari en í ágúst vegna minni útflutnings
- Þótt nýbirtir þjóðhagsreikningar gætu bent til verri horfa fyrir árið er líklegt að endurskoðun talna muni vega þar á móti
- Eins og í ágúst er gert ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný á næsta ári – drifinn áfram af vexti innlendra eftirspurnar






1. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027. Brotalína sýnir spá PM 2024/3. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Verðbólga

Verðbólga heldur áfram að hjaðna


- Verðbólga var 4,8% í nóvember – minnkar um 0,3 pr. milli mánaða og 3,2 pr. milli ára og ekki verið minni í þrjú ár
- Verðbólga án húsnæðis hefur minnkað enn meira: mældist 2,7% í nóvember og var 4,5 pr. minni en í nóvember í fyrra
- Undirbyggjandi verðbólga var 4,6% í nóvember – minnkar um 1,8 pr. milli ára og ekki verið minni síðan í janúar 2022



1. Undirbyggjandi verðbólga er mæld með kjarnavísitölu 3 (áhrif óbeinna skatta, sveiflukenndra matvörulíða, opinberra þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðislána eru undanskilin) og tölfraðilegum mælikvörðum (veglið miðgildi, klípt meðaltal, kvíkt þáttalíkan og sameiginlegur þáttur VNV). Frá og með júní 2024 er kjarnavísitala 2 notuð þar sem kjarnavísitala 3 er ekki lengur birt. 2. Liðurinn „Annað“ er mismunur mældrar og undirbyggjandi verðbólgu.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hjöðnun verðbólgu á breiðum grunni


- Hægt hefur enn frekar á árstakti verðhækkana innlendrar og innfluttrar vöru og þjónustuverðbólga gefur eftir
- Aukning húsnæðisverðbólgu hefur einnig stöðvast þótt húsnæðisliður vegi áfram þungt í mældri verðbólgu
- Áfram dregur einnig úr umfangi verðhækkana og hlutfall undirliða sem hækka hóflega milli ára fer hækandi



1. Þjónusta er vegjið meðaltali af undirliðunum almennri og opinberri þjónusta. 2. Innfluttar vörur án áfengis, tóbaks og bensíns. Innlandar vörur án búvöru og grænmetis. 3. Vegjið og óvegjið hlutfall af neyslukörfu VNV sem hækka minna en 2,5% og 5% milli ára.
Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Alþjóðleg verðbólga minnkar og gengi ISK hækkar




- Alþjóðleg verðbólga heldur áfram að hjaðna og var komin í 2,1% að meðaltali í október ... þar sem framlag lækkunar orkuverðs vegur þungt (en síður hér á landi) ... og því hjaðnar undirliggjandi verðbólga hægar: mældist 2,6% í október
- Gengi ISK hefur hækkað undanfarið eftir lækun í ágúst: er nú 3½% hærra en í ágúst og 2½% hærra en fyrir ári



1. Undirliggjandi verðbólga mæld sem verðbólga án orkuverðs og matvælaorðs, nema í Noregi (án orkuverðs og skattabreytinga) og Svíþjóð (án orkuverðs en miðað við fasta vexti). Áætlun Seðlabankans fyrir október 2024. 2. Framlag rafmagns, gass og annarra orkugjafa í húsnæðisliði vísitölu neysluverðs til ársverðbólgu. Viðskiptavegið meðaltali helstu viðskiptalanda. Hin Norðurlöndin eru einfalt meðaltali Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. 3. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum (þróng viðskiptavog).
Heimildir: LSEG Datastream, OECD, Seðlabanki Íslands.

Tekið að hægja á húsnæðisverðbólgu




- Árshækkun húsnæðisverðs á landinu öllu mældist 8,7% í október og hefur minnkað þrjá mánuði í röð
- Íbúðum á sölu heldur áfram að fjölga og meðalsölutíminn hefur lengst aftur eftir tímabundna styttingu eftir eldsumbrotin
- Kaupsamningum heldur áfram að fækka og er fjöldi þeirra aftur kominn í takt við nýjar lánveitingar eftir áhrif eldsumbrota



1. Visitala íbúðaverðs gæðaleiðrétt m.v. fasteignamat og byggist á kaupsamningum sl. mánaðar. 2. Fjöldi íbúða á sölu og meðalsölutími á landinu öllu. 3. Hrein ný útlán samanstanda af nýjum útlánum að frádregnum umfram- og uppgreiðslum eldri lána. Útlán innlánsstofnana, lífeyrissjóða, húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og lí-sjóðs. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal. Fjöldi kaupsamninga á landinu öllu m.v. kaupdag. Árstoðarleiddar tölur. Heimildir: Hagstofa Íslands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Seðlabanki Íslands.

Verðbólguvæntingar teknar að lækka


- Hægir á hækkun nafnlauna en áfram mikil hækkun launakostnaðar á framleidda einingu þar sem framleiðni gefur eftir
- Verðbólguvæntingar markaðsaðila lækka um 0,5-0,8 pr. milli kannana og hafa ekki verið lægri síðan í byrjun árs 2022
- Einnig vísbendingar um að óvissa um verðbólguhorfur fari minnkandi



1. Launakostnaður á unna stund skv. birtingu Hagstofunnar á vísitölu launakostnaðar en framleiðni vinnuafis er VLF á heildarvinnustundir skv. vinnumagni þjóðhagsreikninga. Launakostnaður á framleidda einingu er fenginn sem hlutfall þessara mælikvarða. Framleiðniaukning kemur fram sem neikvætt framlag til hækkunar á launakostnaði á framleidda einingu. Atvinnugreinaflokkun er ekki að fullu samrýmd þar sem launakostnaður á unna stund nær yfir atvinnugreinar B-5 skv. ÍSAT08 atvinnugreinaflokkuninni en framleiðni vinnuafis nær yfir allar atvinnugreinar. 2. Miðgildi svara í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Ársfjórðungsleg meðaltöl verðbólguálags. Gögn til og með 29. nóvember 2024. 3. Staðalfrávik svara í könnun Seðlabankans á verðbólguvæntingum markaðsaðila. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Laun og kaupmáttur í farsóttinni

- Lægri laun hækkuðu meira í farsóttinni hér á landi
- ... líkt og víða í OECD ...
- ... og kaupmáttur jókst hér á landi en minnkaði á hinum Norðurlöndum





1. Raunlaun reiknuð sem nafnlaun að frágægni verðbólgu. Tölur fyrir OECD er óvegð meðaltal landahópsins á mynd. Lægri laun sýnir launaþróun atvinnugreina í gistingar- og veitingarekstri; leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu og menningar-, íþróttar- og tólmundarstarfsemi. Meðallaun sýnir laun í flutningi og geymslu; framleiðslu; annarri þjónustu; fasteignaviðskiptum og í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Hærri laun sýna laun í heilbrigðis- og félagsþjónustu; fræðslustarfsemi; sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi; upplýsingum og fjarskiptum og fjármála- og váttryggingarstarfsemi.

Heimild: OECD.

Horfur á hraðari hjöðnun verðbólgu en í fyrri spá


- Verðbólga var 5,9% á H3 ... 0,4 pr. minni en spáð var í PM 24/3 – skýrist aðallega af meiri áhrifum einskiptisaðgerða stjórnvalda
- Undirliggjandi verðbólguþrýstingur einnig ofmetinn og nærhorfur batna því: spáð að verðbólga verði um 1 pr. minni en í PM 24/3 fram á mitt næsta ár en hægari hjöðnun spennu gerir það að verkum að horfur á seinni hluta spátímans breytast lítið



Ársmeðaltöl	4. ársf.
2024	5,9%
2025	3,4%
2026	2,7%
2027	2,5%

1. Samanburður á grunnspá og spám heildarjafnvægislíkans bankans (DYNIMO) og meðaltals 5 tölfraðilega metinna verðbólgu líkana sem bankinn notar við að gera skammtíma verðbólguþá.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.



Hvað ef?

Hvað ef þjóðhagsreikningar vanmeta fjárfestingu?




- Áreiðanleiki sögulegra hagtalna hefur farið minnkandi og undanfarin ár hafa umsvif ítrekað verið vanmetin
- Á 7 af síðustu 10 árum hefur fjárfesting verið færð upp frá fyrsta mati (að meðaltali um 4,5%) - fylgir gjarnan hagsveiflunni
- Frávíkisdæmi PM gerir ráð fyrir að almenn atvinnuvegafjárfesting 2023 og H1/2024 sé í raun 5% meiri en skv. núverandi tölum



1. Mismunur á fyrstu áætlun Hagstofu Íslands á hagvexti fyrir hvern ársfjórðung og nýjasta mati. Fyrsta áætlun Hagstofunnar er birt tæpum tveimur mánuðum eftir lok viðmiðunartímabilsins. Nýjasta mat Hagstofunnar er frá ágúst 2024. Þriggja ára hlaupandi meðaltal af algildi mismunar. 2. Breyting á mati Hagstofunnar á ársögnum fyrir atvinnuvegafjárfestingu frá fyrsta mati til þess nýjasta. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Hvað ef færri ferðamenn koma til landsins?

- Frá 2012-2018 fjölgaði ferðamönnum til landsins um 248% ... á sama tíma og raungengið hækkaði um 41%
- Langt umfram 33% fjölgun í heiminum – endurspeglar aukinn áhuga á ferðum til landsins ... en hvað ef þetta gengur til baka?
- Skv. fráviksdæminu fækkar ferðamönnum um 2½% á spátíma í stað 10% fjölgun í grunnspá



1. Alþjóðlegar komur ferðamanna til Íslands og í heiminum öllum. 2. Myndir sýnir stílfært dæmi af framboði og eftirspurn eftir ferðalögum til Íslands og hvernig aukinn áhugi á ferðum til landsins leiddi til hærri raungengis á sama tíma og ferðalögum til landsins fjölgaði. 3. Hlutdeild í ferðabjónustu í heiminum mælt sem hlutfall fjölda ferðamanna sem koma til Íslands og þeirra sem ferðast um heiminn. Grunnspá Seðlabankans 2024-2027 fyrir útflutta þjónustu og fjölda ferðamanna sem koma til landsins (fráviksdæmi sýnt sem brotalínur). Spá um fjölda ferðamanna í heiminum byggir á spá Alþjóðasambands flugfélaga (IATA) um heildarfjölda farþega með flugi í heiminum. Heimildir: Alþjóðferðamálastofnunin (UNWTO), Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands.

Takk fyrir



March 27, 2001

Declaration on inflation target and a change in the exchange rate policy

(From March 27, 2001 – as amended by agreement between between the Prime Minister of Iceland and the Board of Governors of the Central Bank of Iceland on November 11, 2005, cf. Press release no. 35/2005)

On March 27, 2001 the Prime Minister and the Governors of the Central Bank of Iceland signed a declaration on changes in the framework of monetary policy in Iceland. The declaration is as follows:

The Government of Iceland and the Central Bank of Iceland have decided the following changes in the framework of monetary policy in Iceland, effective March 28, 2001:

- (1) The main target of monetary policy will be price stability as defined below. The Central Bank shall also promote financial stability and the main objectives of the economic policy of the Government as long as it does not deem it inconsistent with the Bank's main objective of price stability.
- (2) Rather than basing monetary policy on keeping the exchange rate within a fluctuation band, the Central Bank will aim at keeping inflation within defined limits as specified below.
- (3) The change described above implies that the fluctuation limits for the króna are abolished. Nevertheless, the exchange rate will continue to be an important indicator in the conduct of monetary policy.
- (4) The Government grants full authority to the Central Bank to use its instruments in order to attain the inflation target.
- (5) Later this week, the Government will submit to Parliament a bill on a new Central Bank Act which, once enacted, will legally confirm the decisions described above on making price stability the main objective of monetary policy and on the independence of the Central Bank to use its instruments.
- (6) The inflation target of the Central Bank will be based on 12-month changes in the consumer price index as calculated by Statistics Iceland. Statistics Iceland will also be asked to calculate one or more indices which may be used to assess the underlying rate of inflation, as will be further agreed between the Central Bank and Statistics Iceland. The Central Bank will take note of such indices in its assessment of inflation and in the implementation of monetary policy.

- (7) The Central Bank will aim at an annual inflation rate of about 2½ per cent.
- (8) If inflation deviates by more than 1½ percentage point from the target, the Central Bank shall bring it inside that range as quickly as possible. In such circumstances, the Bank will be obliged to submit a report to the Government explaining the reasons for the deviations from the target, how the Bank intends to react and how long it will take to reach the inflation target again in the Bank's assessment. The report of the Bank shall be made public.
- (9) The Central Bank shall aim at attaining the inflation target of 2½ percent not later than by the end of 2003. In the year 2001, the upper Declaration on inflation target and a change in the exchange rate policy limit for inflation shall be 3½ percentage points above the inflation target but 2 percentage points above it in the year 2002. The lower limit for inflation will always be 1½ percentage point below the inflation target. Should inflation move outside the target range in 2001 and 2002, the Bank shall respond as set out in item 8 above.
- (10) Despite the elimination of the fluctuation limits for the króna, the Central Bank will intervene in the foreign exchange market if it deems such action necessary in order to promote the inflation objective described above or if it thinks that exchange rate fluctuations might undermine financial stability.
- (11) The Central Bank shall publish inflation forecasts, projecting inflation at least two years into the future. Forecasts shall be published in the Bank's Monetary Bulletin. This shall also contain the Bank's assessment of the main uncertainties pertaining to the inflation forecast. The Bank shall also publish its assessment of the current economic situation and outlook.

[Amended text by agreement between the Prime Minister of Iceland and the Board of Governors of the Central Bank of Iceland on November 11, 2005]

- (12) The Central Bank shall in its publications explain how successful it is in implementing the inflation target policy. The Governors will also report to the Minister, the Government and committees of the Parliament on the policy of the Bank and its assessment of current economic trends and prospects.